



## 613. fundur stjórnar SASS

### fjarfundur

13. september 2024, kl. 12:30 – 14:15

Þátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Árni Eiríksson, Brynhildur Jónsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Gauti Árnason, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir og Njáll Ragnarsson. Jóhannes Gissurarson boðaði forföll og í hans stað kom Einar Freyr Elínarson. Einnig tekur þátt Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri sem jafnframt ritar fundargerð. Fundarmenn tengjast fundinum með fjarfundahugbúnaði.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fundinn.

#### 1. Fundargerð

Fundargerð 612. fundar lögð fram til kynningar en hún hefur verið undirrituð með rafrænum hætti.

#### 2. Ársþing SASS 2024

a. Formaður kynnir undirbúning og uppfærð drög að dagskrá ársþings SASS 2024. Farið er yfir hugmyndir að mögulegu þema og umræðuefni. Niðurstaða stjórnar er að fara yfir starfsemi samtakanna og Sóknaráætlun Suðurlands 2025 – 2029 sem er framhald af vinnufundinum á aukaaðalfundi samtakanna í Vestmannaeyjum. Formanni og framkvæmdastjóra falinn undirbúningur og útfærsla samkvæmt umræðum á fundinum.

a. Starfsskýrsla

Er í vinnslu.

b. Fjárhagsáætlun SASS 2025

Er í vinnslu og stjórn vísar henni til umræðu í Fjárhagsnefnd.

c. Nefndastörf

Formaður kynnir tillögu að skipan formanna og starfsmanna SASS í starfsnefndir:

Heiti nefndar	Formaður	Starfsmaður nefndar
Allsherjarnefnd	Árni Eiríksson	Bjarni Guðmundsson
Mennta- og menningarmálan.	Sandra Sigurðardóttir	Álfheiður Ingólfssdóttir
Umhverfis- og skipulagsnefnd	Jóhannes Gissurarson	Elísabet Björney Lárusdóttir
Velferðarnefnd	Brynhildur Jónsdóttir	Guðrún Herborg Hergeirsd.
Atvinnumálanefnd	Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir	Pórður Freyr Sigurðsson
Samgöngunefnd	Arnar Freyr Ólafsson	Ingvi Már Guðnason
Fjárhagsnefnd	Eyrún Fríða Árnadóttir	Bjarni Guðmundsson

Stjórn staðfestir þessa skipan.



Kjörbréfa- og kjörnefnd verður einnig að störfum en formaður hennar er Aldís Hafsteinsdóttir og Ingvi Már Guðnason er starfsmaður nefndarinnar.

Í næstu viku verða kynningarfundir haldnir fyrir formenn og starfsmenn millipinganefnda. Á fundinum verður farið yfir skipan nefnda, efnistöð, verklag, hlutverk og hvernig skila skuli niðurstöðum nefnda til SASS til að þær geti fylgt gögnum til þingfulltrúa. Ráðgert er að boða til fyrstu funda hjá nefndum í næstu viku. Efnistöð nefnda byggja á vinnufundinum á aukaaðalfundinum í Vestmannaeyjum og vinnufundi stjórnar í ágúst sl.

Stjórn leggur áherslu á að nefndir skili stuttum og hnitmiðuðum niðurstöðum.

### 3. **Sóknaráætlun Suðurlands 2025 - 2029**

Formaður kynnrir að uppfærð verk- og tímaáætlun við gerð stefnumörkunar Sóknaráætlunar Suðurlands 2025 – 2029 liggja fyrir fundinum. Einnig liggja fyrir helstu atriði frá vinnufundinum á aukaaðalfundi samtakanna í Vestmannaeyjum í júní sl.

Stefnumörkun fyrir Sóknaráætlun hófst á aukaaðalfundinum í Vestmannaeyjum í sumar. Í sumar og þar til í síðustu viku hefur herferð verið í gangi og kynningarefni hefur verið birt á samfélagsmiðlum til að kynna áætlunina fyrir íbúum Suðurlands. Markmiðið var a.m.k. 85% af íbúum á Suðurlandi myndu sjá auglýsingar um sóknaráætlunina, a.m.k. 7 sinnum. Það tókst og gott betur en auglýsingar náðu til 46.459 einstakra notenda, sem er meira en 100% af skráðum íbúum á Suðurlandi og hver einstaklingur sá auglýsinguna að meðaltali 9 sinnum. Myndböndin vöktu athygli og einstaklingar sem byrjuðu að horfa á myndböndin voru líklegir til að horfa á þau til enda. Myndböndin voru spiluð 64.338 sinnum á miðlum Meta (Instagram og Facebook) og á YouTube.

Tökur standa yfir fyrir næsta hluta herferðarinnar og til að tryggja betri dreifingu verður markhópnum enn frekar skipt upp. Myndböndin verða nýtt til þess að keyra traffík inn á lendingarsíðu sem verður sett upp með þremur þemum. Þar verða kynningarmyndbönd sem kynna þessi þemu og síðan leiðir þema sem viðkomandi hefur mestan áhuga á, inn á Typeform þar sem spurningar verða. Í framhaldi verða unnar úr þeim spurningar sem lagðar verða fyrir á fundi með rýnihópum. Þegar allri vinnu með rýnihópum er lokið verður hægt að kynna niðurstöður fyrir Sunnlendingum með tveggja vikna herferð á samfélagsmiðlum. Myndband verður sent út sem leiðir á lendingarsíðu með frekari upplýsingum en með því næst til allra sem tóku þátt í fyrri herferð.

### 4. **Önnur mál til kynningar og umræðu**

#### a. Fundargerðir m.a. stjórnar annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerð 152. fundar stjórnar Austurbrúar, fundargerð 3. fundar stjórnar SSA, fundargerðir 582. og 583. funda stjórnar SSH, fundargerðir 111. og 112. funda stjórnar SSNV, fundargerð 65. fundar stjórnar SSNE, fundargerðir 60. – 62. funda stjórnar Vestfjarðastofu, fundargerð 3. fundar stjórnar MSS, fundargerð ársfundar Vestfjarðastofu og fundargerð 98. fundar stýrihóps stjórnarráðsins.



b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni frá síðasta fundi s.s. heimsókn fulltrúa og stjórnar Byggðastofnunar á Suðurland, fundi formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga, undirbúning fyrir ársþing samtakanna, undirbúning að endurnýjun á ART samningnum, þátttöku á málþingi Ferðamálastofu þar sem farið var yfir „Samfélagsleg áhrif ferðaþjónustu – ávinningur og áskoranir“ og reglubundna fundi framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna með Byggðastofnun.

c. Tímabundin ráðning starfsmanns til að sinna umhverfismálum

Formaður kynnir tillögu um tímabundna ráðningu starfsmanns til að sinna verkefnum tengdum umhverfismálum.

Stjórn heimilar tímabundna ráðningu til eins árs enda er staðan full fjármögnuð. Hana skal auglýsa óháð staðsetningu en viðkomandi skal vera með aðsetur á Suðurlandi.

d. Tilnefning á fulltrúum SASS á sveitarstjórnarvettvang EES EFTA

Fyrir liggur ósk forstöðumanns Evrópuskrifstofu sambandsins um tilnefningu SASS á sveitarstjórnarvettvang EES EFTA fyrir seinni hluta tímabilsins 2022 – 2026.

Stjórn samþykkir að skipa Anton Kára Halldórsson formann SASS sem aðalmann og Jóhönnu Ýr Jóhannsdóttur sem varamann.

e. ART verkefnið og nýr samningur

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu verkefnisins en núgildandi samningur um það rennur út um áramótin. Árlegt framlag ríkisins hefur verið 30 m.kr. Formlegt erindi hefur verið sent á mennta- og barnamálaráðherra þar sem óskað er eftir að gerður verði 5 ára samningur um rekstur þess.

Stjórn SASS áréttar nauðsyn þess að mennta- og barnamálaráðherra gangi strax frá nýjum samningi um ART verkefnið og að gildistími hans sé til fimm ára. Þannig er hægt að eyða óvissu og halda áfram þessu mikilvæga verkefni. Skelfilegir atburðir og ástandið í samfélaginu kalla á úrræðið eins og ART enda gagnast það öllum og það er í takt við uppbyggingu farsældaráða.

f. Ölfusárbrú

Stjórn SASS tekur undir bókun bæjarstjórnar og bæjarráðs Árborgar tengt undirbúningi að byggingu nýrrar Ölfusárbrúar. „Stjórn SASS skorar á Vegagerðina og ríkisstjórn Íslands að ljúka samningum um nýja Ölfusárbrú og tryggja fjármögnun án tafar. Brýnt er að uppbygging brúarinnar hefjist því þjóðvegurinn gegnum Selfoss annar ekki núverandi umferð og langar raðir liggja daglega um Austurveg. Ný Ölfusárbrú bætir umferðarflæði og -öryggi í og við Selfoss og hún er mikilvæg samgöngubót fyrir Suðurland. Gera má ráð fyrir að uppbygging nýrrar brúar taki um þrjú ár og því er nauðsynlegt að framkvæmdir hefjist í haust.“

g. Sunnlenskur mannfagnaður í tengslum við fjármálaráðstefnu sambandsins

Framkvæmdastjóra falin framkvæmd í samræmi við umræður á fundinum.



h. Samantekt frá vinnufundi stjórnar

Lögð fram til kynningar samantekt frá vinnufundi stjórnar SASS sem haldinn var 22. ágúst sl.

i. Menningarverðlaun Suðurlands 2024

Stjórn SASS samþykkir að halda áfram veitingu Menningarverðlauna Suðurlands en þau hafa verið veitt á ársþingi samtakanna. Hún skipar Magnús Karel Hannesson, Margréti Hörpu Guðsteinsdóttur og Gauta Árnason í valnefnd um úthlutun menningarverðlauna 2024. Til vara eru Ása Berglind Hjálmarsdóttir og Arnar Freyr Ólafsson. Ingvi Már Guðnason hjá SASS verður nefndinni til aðstoðar.

j. Nefndastörf

Stjórn SASS vísar umræðu um breytingu á samþykktum og gerð nýs samnings um Áfangastaðastofu til allsherjarnefndar.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 4. október nk. kl. 12:30.

Fundi slitið kl. 14:15

Anton Kári Halldórsson

Árni Eiríksson

Brynhildur Jónsdóttir

Njáll Ragnarsson

Arnar Freyr Ólafsson

Gauti Árnason

Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Einar Freyr Elínarson